

Truenorth-Nordic ehf.  
Haraldur Rúnar Bjarnason  
Fiskislóð 31A  
101 Reykjavík

Reykjavík, 5. september 2023  
UST202308-155/S.V.  
09.04.00

### **Efni: Leyfi fyrir ljósmynda- eða kvikmyndatöku á friðlýstum svæðum**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Haralds Rúnars Bjarnasonar, f.h. Truenorth ehf, dagsett 18. ágúst 2023, til kvikmyndatöku með kvikmyndavél og dróna innan Friðlands að Fjallabaki, þ.e. í Jökulgili og við Tungnaá svo og við Háafoss og Granna innan landslagsverndarsvæðisins í Þjórsárdal.

Friðlandið að Fjallabaki er friðlýst sbr. [auglýsingu nr. 354/1979](#). Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask innan friðlandsins er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að skemma gróður, trufla dýralíf að óþörfu og hrófla við bergmyndunum. Samkvæmt [stjórnunar- og verndaráætlun](#) svæðisins er rekstur hesta einungis heimill á megin reiðleiðum en óheimill á þeim leiðum þar sem aðeins er gert ráð fyrir að farið sé um með einn hest til reiðar. Óheimilt er að beita hestum í friðlandinu. Kvikmyndataka ljósmyndun og viðburðir skulu ekki trufla dýralíf innan friðlandsins og truflun af þeirra völdum gagnvart öðrum gestum skal vera í lágmarki. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir sem hafa í för með sér hættu á jarðraski, truflun dýralífs, umferðar eða upplifun annarra gesta er háð leyfi Umhverfisstofnunar skv. stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins. Óheimilt er að fljúga fjarstýrðum loftförum (dróna) innan friðlandsins á tímabilinu 15. júní – 15. september nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar skv. stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins. Athafnir sem geta haft áhrif á friðlandið s.s. jarðrask, mengun vegna úrgangs eða fráveitna, áhrif á loftgæði, ásýnd svæðis eða hefur áhrif á umferð og/eða upplifun annara gesta er óheimil nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins.

Hjálparfoss, Gjáin og Háifoss og Granni eru friðlýst sem náttúruvætti sbr. [auglýsing nr. 110/2020](#). Óheimilt er að spilla gróðri, öðrum en framandi tegundum, eða trufla dýralíf af ásetningi innan verndarsvæðisins. Framkvæmdir, aðrar en vernd og endurheimt birkiskóga, sbr. 11. gr., á verndarsvæðinu eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar að fenginni umsögn Minjastofnunar Íslands. Afla skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem hafa í för með sér hættu á jarðraski, truflun dýralífs eða truflun umferðar um svæðið innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar, viðburða og samkomuhalds. Notkun fjarstýrðra loftfara er óheimil í náttúruvættunum nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar.

### **Lýsing á verkefni:**

Sótt er um leyfi til kvikmyndatöku innan Friðlands að Fjallabaki, þ.e. yfir Jökulgili og hluta Tungnaár svo og í gljúfrinu við Háafoss. Eystra svæðið yfir Tungnaá sem áætlað er að fljúga yfir er ekki innan Friðlands að Fjallabaki og því ekki leyfisskylt hjá Umhverfisstofnun en hluti af vestari hluta Tungnaár

er að hluta innan friðlandsins. Verkefnið var áætlað 7. og 8. september en hefur nú, vegna veðurskilyrða, verið flýtt til seinni parts 5. September og fyrri parts 6. september 2023. Sjö manns skipa teymið sem kemur að verkefninu og munu þau ferðast á tveimur bílum, Sprinter og Landcruiser. Til verkefnisins verður notuð myndavél og dróni til loftmyndatöku. Mavic Inspire 3. Flogið verður undir 120 metrum og er áætlaður flugtími 10 mínútur í hvert sinn, samtals ca 6 klst. og er áætlað að vinna að morgni og seinni part kvölds.

### **Áhrifamat:**

Verkefnið er talið ólíklegt til að hafa áhrif á náttúrufar- eða verndargildi svæðanna sé farið eftir skilyrðum leyfisins. Þar sem flugtími dróna er áætlaður að morgni og seinni part og fram á kvöld ætti truflun gagnvart öðrum gestum að vera í lágmarki.

### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Truenorth-Nordic ehf. fyrir sitt leyti leyfi til kvikmyndatöku innan Friðlands að Fjallabaki og við Háafoss 5. og 6. September 2023 sbr. lýsingu hér að ofan að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Einungis skal gengið eftir merktum göngustígum og óheimilt er að fara inn á lokuð svæði.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Koma skal fyrir merkingum á tókustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð athafnasvæðis kvikmyndatökuliðsins skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmd verkefnisins og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Afmá skal öll ummerki verkefnisins á svæðinu að því loknu.
- Vandaskal frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, um leið afmá skal öll ummerki kvikmyndatökunnar.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tókurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er. Færri gestir heimsækja svæðið snemma morguns og síðdegis.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Allur akstur utan vega er óheimill.
- Starfsmenn verkefnisins skulu ganga snyrtilega um svæðið og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.

- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki og það skal fara fram utan þess tíma sem flestir gestir eru á svæðinu.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ef loftfarið brotlendir eða bilar skal ábyrgðarmaður þess sjá til þess að allir hlutar þess verði fjarlægðir.
- Af öryggisástæðum er óheimilt að fljúga ómönnuðu loftfari undir 50 m yfir Strokki.
- Af öryggisástæðum skal sá sem stjórnar ómönnuðu loftfari klæðast merktum fatnaði svo hægt sé að auðkenna viðkomandi.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 990/2017

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Umhverfisstofnun bendir á að dróna sem notaðir eru í atvinnuskyni þarf að skrá sérstaklega hjá Samgöngustofu.

#### **Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir, kvikmyndagerðar og/eða myndatöku er kr. **76.000**. sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 206/2023.

#### **Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Daníel Freyr Jónsson  
*Svæðissérfræðingur*

Sigrún Valgarðsdóttir

*sérfræðingur*